



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

4. fundur 2010 (13. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 07.04.2010 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason,	ritari skipulagsnefndar
Magnús Guðmannsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

1. Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008 – 2024

Lögð var fram umsögn stjórnar Keflavíkurflugvallar ohf. (Flug-KEF ohf.) um tillögu að aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024, sem hafði verið send félaginu til kynningar áður en auglýst verður. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fjallaði um umsögn stjórnarinnar á fundinum, gerði á henni nokkrar breytingar og samþykkti síðan eftirfarandi umsögn um skipulagstillöguna:

1) Greinargerð, 2.1.9 Keflavíkurflugvöllur.

Rétt er að gera á þessum stað grein fyrir skipulagslegri stöðu Keflavíkurflugvallar, svæði A. Í 1. m.gr. 1. gr. laga nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. eru m.a. skilgreind ytri mörk flugvallarsvæðisins (svæði A) og öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli (svæði B). Samgönguráðherra skipar skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar sem fer með skipulagsmál á flugvallarsvæðinu (svæði A) og utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli (svæði B).

2) Greinargerð, kafli 2.1.9. Flugbrautir.

Keflavíkurflugvöllur ohf. (Flug-KEF ohf.) mun á næstunni hefja endurskoðun aðalskipulags síns. Í þeirri vinnu verður eitt meginatriðið skipulag flugbrautakerfisins, framtíðarflugbrautir og flugakstursbrautir. Í þeirri vinnu verður leitað til færustu sérfræðinga í skipulagi flugvalla. Þar til niðurstaða fæst í þá vinnu mun Keflavíkurflugvöllur ohf ekki gera neinar breytingar á núverandi brautakerfi né skipulagi framtíðarbrautarkerfis. Keflavíkurflugvöllur ohf getur því ekki fallist á neinar þær breytingar á aðalskipulagi Sandgerðis sem gætu valdið takmörkunum á flugvallarrekkstrinum af einhverju tagi.

3) Greinargerð, kafli 2.1.9. Flugöryggissvæði.

Flugöryggissvæði við 07/25L verða að taka mið af legu flugbrautarinnar skv. núverandi skipulagi. Ekki er unnt að samþykkja að farið verði með neina byggð inn á núverandi A-



svæði. Aðgreina ber í texta núverandi SV-NA braut sem ber heitið 07-25R og fyrirhugaða braut sem fær heitið 07-25L.

4) Umhverfisskýrsla. 4.2.2.2 Hljóðvist.

Á skipulagsuppdrætti eru sýnd hávaðamörk, 55dB(A) og 65dB(A). Bent er á að ástæða væri til að fjalla um hávaða frá flugumferð í greinargerð/umhverfisskýrslu. Keflavíkurflugvöllur ohf mun leita eftir skýrri túlkun Umhverfisstofnunar á reglugerð nr. 724/2008 hvað varðar hávaðamörk við flugvelli, en í reglugerðinni eru mismunandi kröfur til hljóðstigs við nýja flugvelli og þegar starfandi flugvelli. Leitað verður túlkunar Umhverfisstofnunar á því hvort nýjar flugbrautir á Keflavíkurflugvelli flokkist sem nýr flugvöllur hvað varðar hávaðamörk, einnig nýskipulögð byggingarsvæði við núverandi flugbrautir og hvaða hávaðamörk skuli gilda við þéttingu byggðar. Keflavíkurflugvöllur ohf. væntir þess að hávaðamörk á uppdrætti verði samkvæmt úrskurði Umhverfisstofnunar.

5) Greinargerð, kafli 2.1.4. tengibrautir í þéttbýli.

Ný tengibraut (T1). „Tengibrautin liggur frá Rockville svæðinu um gatnamót við Sandgerðisveg allt suður að skipulagsmörkum Keflavíkurflugvallar og þaðan áfram að gatnamótum norðan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar“. Ekki er unnt að gera ráð fyrir þessari legu tengibrautarinnar innan flugvallarsvæðisins, þar sem hún myndi þvera flugbraut 07-25L.

6) 2.3.3. Rafveita –fyrirhugaðar háspennulínur.

Gert er ráð fyrir allt að tveimur 220 kV loftlínur frá sveitarfélagamörkum við Ósabotna samhliða mörkum öryggissvæðis Varnarmálastofnunar allt að flugbraut 07-25L. Slík háspennulína myndi þvera flugbrautarstefnu 07-25R. Gera verður ráð fyrir þeim möguleika að 07-25R bæði lengist og hliðrist til suðvesturs fram yfir brautamót. Heildarlengd yrði um 3000 m. Loftlínan er óásættanleg hindrun við þær aðstæður.

7) 2.3.4. Fráveita.

Fráveita frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar og flugstöðvar svæðinu öllu ásamt hluta af vestursvæði flugvallarins (West End) liggur til sjávar við Básenda. Rétt væri að sýna fráveituæðina á skipulagsuppdrættinum.

8) Sveitarfélagsuppdráttur.

Svæði utan skipulagssvæðis Sandgerðisbæjar, þar með Keflavíkurflugvöll, svæði A, ber að hafa ólituð.

9) Sveitarfélagsuppdráttur.

Sporbraut er ekki sýnd á aðalskipulagsuppdrætti Keflavíkurflugvallar, og ber ekki að sýna á uppdrættinum.

10) Hindranafletir flugumferðar.

Hindranafletir flugumferðar eru lögfestir í loftferðalögum. Samgönguráðuneytið vinnur að gerð skipulagsreglna þar sem hindranafletir verða sýndir á uppdrætti, sem verður auglýstur opinberlega. Hindranafleti væri rétt að sýna á þemauppdrætti.



11) Meðal laga og reglugerða mætti telja loftferðalög nr. 60/1998 og reglugerð um flugvelli nr. 474/2007.

12) Sveitarfélagsuppdráttur

Samkvæmt skilgreiningu má athafnasvæði (litað ljósgrátt á skipulagsuppdrætti) ekki vera á B öryggissvæðisvæði flugumferðar við SV enda 07/25 brautar.

2. Deiliskipulag lóðanna Kjóavöllur 1 og Fálkavöllur 2

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðanna Kjóavöllur 1 og Fálkavöllur 2 var auglýst frá 21.01.2010 til og með 22.02.2010. Breytingin felst í því að stjórnarsýslulóð, merkt C1, er minnkuð sem nemur nýrri lóð fyrir eldsneytisafgreiðslu ökutækja. Jafnframt breytist lega flugverndargirðingar. Engar athugasemdir bárust við skipulagstillögunni.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti framangreinda breytingu á deiliskipulagi lóðanna.

3. Gögn skipulags- og byggingarnefndar varnarsvæða

Sigurður Thoroddsen upplýsti að öllum gögnum skipulags- og byggingarnefndar varnarsvæða, sem voru í hans fórum, hafi verið skilað inn til Keflavíkurflugvallar ohf.

4. Starfslok skipulags- og byggingarfulltrúa Keflavíkurflugvallar

Skipulags- og byggingarfulltrúi Keflavíkurflugvallar, Magnús Guðmannsson, lætur af starfi um miðjan apríl n.k. fyrir aldurs sakir. Skipulagsnefndin þakkaði Magnúsi mjög svo gott samstarf á liðnum árum og óskaði honum velfarnaðar í framtíðinni.

5. Næsti fundur skipulagsnefndar

Næsti fundur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar verður væntanlega í 17. viku 2010.

Fleira ekki gert, fundi slitið.